

málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 15/1899:

Réttvísni

gegn

Jóhanni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 16. januar þ. á., var hinn ákærði Jóhann Guðmundsson dæmdur fyrir þjófnað, framinn í 1. sinn, til að sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu og varðhaldinu leiðandi kostnað. Svo var honum og með dóminum gjört að greiða iðgjöld hins stolna, Jóni Árnasyni 21 krónu og Málfríði Ólafsdóttur 3 kr.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann 9. sept. f. á., er hann kom með gufubátinum »Reykjavík« ofan af Akranesi, stal úr poka, sem Málfríður nokkur Ólafsdóttir, er einnig var með skipinu, hafði meðferðis, hér um bil 35 pundum af smjöri og seldi það daginn eftir hér í Reykjavík 2 kaupmönnum; borgun fyrir smjörið fekk hann sumpart í peningum og sumpart í ýmsum vörum, sem hann eyddi og hag-

nýtti sér, og er ekkert annað eftir af andvirðinu en 1 húfa og peningabudda. Smjörrið var eign húsbónda Málfríðar, Jóns Árnasonar, en svunta, sem var utan um smjörrið, eign Málfríðar, og henni kveðst ákærði hafa glatað. Eigendur hinna stolnu muna hafa krafist, að ákærði greiddi þeim endurgjald fyrir smjörrið og svuntuna með 21 + 3 kr., og hefir ákærði samþykkt að greiða slíkt endurgjald. Ákærði var á 20. ári, er hann framdi þjófnadinn, og hefir ekki áður sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Hefir héraðsdómarinn með réttu dæmt ákærða eftir 230. gr. almennra hegningarlaga og virðist refsingin hæfilega metin af honum, og með því yfirdómurinn einnig felst á ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og iðgjöld, ber að staðfesta undirréttardóminn í öllum greinum. Ákærða ber einnig að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflytningu til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að meðferð málsins í héraði og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði hinn ákærði, Jóhann Guðmundsson, einnig þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda þar, hinna settu málaflutningsmanna

Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar,
10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá
lögbirting dóms þessa og honum að öðru
leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 6/1899:

Sigurður Benediktsson
gegn
Einari Benediktssyni og
Einar Benediktsson
gegn
Sigurði Benediktssyni og
Gísla Þorbjarnarsyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur af aðalmálsaðilunum Sigurði Benediktssyni húsmanni í Reykjavík og yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni með aðalmáli og gagnsókn, og aðcitacion, að því er hinn stefnda búfræðing Gísla Þorbjarnarson snertir, út af maka-skiftum milli Sigurðar Benediktssonar og Einars Benediktssonar á nokkrum hluta jarðarinnar Skildinganness með tilheyrandi húsum og húseigninni Geysi í Reykjavík, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 19. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að gagnáfrýjandi Einar Benediktsson skyldi greiða aðaláfrýjanda Sigurði Benediktssyni 400 kr. með 4% vöxtum frá 1. júlí 1898 til borgunardags og 139 kr. 86 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-